

Stjórn íbúasamtakanna Betri Nónhæð gerir eftirtaldar athugasemdir við tillögur að breyttu aðalskipulagi Glaðheimasvæðis og fylgigögn hennar.



Samtökin vilja minna á að í tillögunni er lagt til að taka grænt svæði sem verið hefur til sérstakra nota rétt við hverfi íbúasamtakanna og breyta í mjög þetta byggð þjónustu, verslana og íbúða í beinum tengslum við miðsvæðið þar norður af. Svæðið er skilið frá Nónhæð með Reykjanesbrautinni og Arnarnesvegur myndar helstu innkomuleið í svæðið með hringtorgi á brú yfir Reykjanesbrautinni. Skipulag Glaðheimasvæðis og hliðarráðstafnir í þágu umferðar fyrir það geta því haft mikil áhrif á lífsgæði og umhverfisþætti íbúa Nónhæðar.

Ekki bútasam heldur heildstætt skipulag

Íbúasamtökin telja að vinna verði skipulag alls miðbæjar-, verslana- og þjónustusvæðisins í Kópavogsdal og tengsl til aðliggjandi hverfi í einu lagi og heildstætt. Eðli samkvæmt sé slíkt svæði ein skipulagsheild og aðeins með því að vinna það þannig mætti tryggja bestu niðurstöðu. Ekki sé verjandi að leggja litla búta hvern á eftir öðrum til samþykktar íbúa og bæjarfulltrúa án þess að glögg heildarmynd sé jafnframt kynnt.

a) Samtökin telja að almennt áður en byggt sé upp svo mikið og þétt verslana- og þjónustubbyggð eins og Glaðheimasvæðið er, sem viðbót við hið þetta miðsvæði sem fyrirhugað er á öllu nærliggjandi svæði norðan við, verði að liggja til grundvallar alvöru rannsóknir og mat á þeim þáttum lífsgæða og umhverfis sem í húfi eru, byggðum á rannsóknum en ekki ágiskunum, þar á meðal rannsóknum á mengun og svifryki sem hlýst af umferð og **hvernig mengun leggst og liggur yfir því landslagi sem þarna er í Kópavogsdal** sem sést skýrt berum augum á stilltum nýársnóttum, og hvort hætta sé á að umferðin valdi hliðstæðri en ósýnilegri mengun sem liggja yfir byggðinni í dalnum á stilltum vetrardögum. - Að því má komast með rannsóknum.

b) Íbúasamtökin telja **byggingamagnið of mikið** af nokkrum ástæðum:

- i) Svo norðarlega sem við búum á jarðarkringlunni skapist vart rými til að njóta sólar og birtu ef byggingar eru mjög þéttar og of háar eftir því, hvergi sé þó meiri þörf á að geta notið sólar á góðum dögum og hér á landi.
- ii) Vegna of mikils **umferðaálags á nærliggjandi hverfi** og gatnakerfið í heild sem af byggingamagninu leiðir, með hliðsjón af öryggi barna og gangandi vegfarenda, loftmengun og hljóðvist.
- iii) Undirgöng, opin neðanjarðarbílastæði og umferð í stökkum sem þétt byggð í tengslum við hraðbraut krefst, geta gert gangandi vegfarendum erfitt fyrir og hindrað för þeirra. Undirgöng og skuggasund búa yfir ýmiskonar raunverulegum og ímynduðum ógnum fyrir gangandi fólk og börn. Brýr og opnar og bjartar leiðir eru æskilegar lausnir fyrir gangandi vegfarendur.
- iv) Háar byggingar efst og syðst á svæðinu gætu skyggt á sól, birtu og sjónlínur frá okkar hverfi og haft neikvæð áhrif á vinda fyrir íbúabyggðina og fyrir miðbæjarsvæðið.
- v) Lifandi miðbæjarsvæði byggja á verslun og veitingum við opin torg, í sól, skjóli og birtu og flæðandi umferð gangandi vegfarenda en mikill þéttleiki byggðar lokar á sólarljósið þar sem sól fer aldrei hátt á himininn.




c) Enginn hluti græna svæðis núverandi Gláðheima verður eftir skipulagabreytingu áfram skilgreindur sem grænt svæði. **Græna svæðið er aflagt í heild** sinni án þess að nýta þá þætti sem gagnast gætu áfram til útivistar þrátt fyrir nýbyggðina og styðja fremur en trufla uppbygginguna sjálfa. Þannig er klippt varanlega á þau gæði sem felast í samfelldu göngu- og útivistarsvæði allt frá Kársnesi upp Nónhæð, yfir Reykjnesbraut yfir á Gláðheimasvæðið, eftir Hnóðraholti í Leiradali og alla leið að Elliðavatni.



Reiðleiðir frá

Gláðheimasvæðinu eru aflagðar án þess að ákveðið sé að breyta þeim í göngu- og hjólastíga öllum Kópavogsbúum til gagns og yndis.

Minna má á að í bæklingi Kópavogsbæjar um útivistarsvæði frá 1998 segir að samkvæmt könnun bæjarins séu lengri og styttri gönguferðir mest stundaða „íþrótt“ Kópavogsbúa.



Þó að í skipulagstillögunni sé áfram dreginn „aðalgöngustígur“ samhliða Arnarnesvegi yfir Reykjanessbrautina, er nú þegar verið að byggja þar hringtorg á brú sem eingöngu er ætlað bílum. Með fyrirferðamiklum aðreinum rífur hún þannig tengimöguleika gangandi í sama plani milli Nónhæðar og Gláðheimasvæðis. Sá aðalgöngustígur er því vart mögulegur.

Með greiðri göngutengingu milli Gláðheima og Nónhæðar væru hverfin tengd saman sem og græn svæði og gönguleiðir allt frá Kársnesi að Elliðavatni.

d) Miðsvæði byggja á þéttri verslun og veitingum við **opin torg í sól og birtu og flæðandi umferð gangandi vegfarenda**, en eins og nú stefnir munu þessir höfuðþættir góðra miðbæja ekki verða burðarþættir í hinu nýja miðbæjarsvæði Kópavogs.

Ekki er heldur sérstaklega gert ráð fyrir hinum gangandi eða hjólandi vegfarendum í skipulagstillögunni um Gláðheima eða fylgigögnum um lausnir á umferðavandanum hvorki sem gestum inná heildarsvæðinu sem þurfa að komast milli reita, eða íbúum aðliggjandi íbúasvæða sem sækja gangandi inná það eftir þjónustu og störfum, né börnum sem búa á svæðinu og þurfa að sækja skóla í Smáraskóla.

Virðist reiknað með að öll umferð inn og út af skipulagssvæðinu og nærliggjandi mið- og þjónusureitum sé með einkabílum sem svo eykur enn frekar á þau vandamál sem af bílaumferðinni hlýst í heild.

e) Skipulagssvæðið er í vissum skilningi sem **eyja í bílahafi** og vart fært til hennar eða af henni nema á bíl. Hún verður þannig enn ein slík eyja á miðbæjar- og þjónustusvæðinu í heild sem er að taka á sig mynd „**hraðbrautarmiðbæjar**“ sem margir telja verstu gerð miðbæja sem m.a. skortir meginstoðir lifandi miðbæjar.

f) Ef vel á að takast til við þessar vandasömu aðstæður verður að **skipuleggja allt miðbæjar- og þjónustusvæðið heildstætt** og byggja á raunverulegum rannsóknum margra umhverfis- og veðurfarsþátta og tryggja góðar, bjartar, opnar og aðlaðandi samgöngur gangandi vegfarenda um allt svæðið, milli eininga þess og yfir til aðliggjandi íbúða- og útivistarsvæða. **Mynda verður heildstætt miðbæjar- og þjónustusvæði í þágu allra þátta** sem máli skipta fyrir slíkt svæði og íbúabyggðina sem svæðinu tengist. Þó það sé gert skilmerkilega hvað varðar flæði bílaumferðar eru alltof margir aðrir þættir sem útaf standa en þyrftu samskonar úttekt og yfirferð fyrir svæðið í heild.

Kópavogi 21. september 2008

*Fyrir hönd stjórnar
íbúasamtakanna
Betri Nónhæð*

*Helgi J. Hauksson
Sími: 5178767
email: hehau@internet.is*

Til minnis:

- Heildstætt skipulag en ekki bútaaum.
- Of mikið byggingamagn.
- Of háar byggingar syðst og efst við miðbæjarsvæði og íbúðasvæðið.
- Skortur á rannsóknum við gerð umhverfismats.
- Of mikið álag á umferðakerfið í aðliggjandi hverfum.
- Of mikil mengun.
- Grænt svæði og tilheyrandi leiðir lagðar af.
- Klippt í sundur annars samfelld grænt svæði og gönguleiðir frá Kársnesi að Elliðavatni.
- Ekki hugað sérstaklega að gangandi vegfarendum.
- Svæðið er eyja umflotin hraðbrautum.
- „Hraðbrautarmiðbær“ sem skortir stoðir lifandi miðbæjar.